

EFTIRLITSSKÝRSLA

Klausturbleikja í Skaftárhreppi Klausturbleikja í Skaftárhreppi.

Dags eftirlits	9.4.2013	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Klausturbleikja í Skaftárhreppi	Fulltrúi UST	
Heimili	Klausturvegi 5	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660290-1849	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Birgir Þórisson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	556946,066 598602,647

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit sem snýr að gr. 7 í starfsleyfi, en rekstraraðili átti að hanna setþró þannig að auðvelt sé að ná seyru úr henni, fyrir 1. október 2012. Þessi hönnunarvinna er enn í vinnslu. Ein athugasemd var gerð hvað varðar fódurleyfar við frárennslisop.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir nýtt starfsleyfi sem gefið var út þann 8. ágúst 2012 og bent á skiladaga skv. því, Ársskýrslu og grænu bókhaldi skal skila til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert.

Viðbragðsáætlun og neyðaráætlun eru í undirbúningi.

Farið var yfir losun setþróar en var það frávik frá síðasta eftirliti. því verki er lokið.

Aðstaða í stöðinni var skoðuð, uppistöðulón, ker og frárennslisli.

Minnt var á að sýnataka þarf að fara fram nú í vor skv. gr. 3.3. í starfsleyfi og síðan annað hvert ár eftir það.

Bent var á að öllum gögnum skal skilað á netfang stofnunarinnar ust@ust.is sem og á netfang eftirlitsmanns.

Frávik frá

gr. 7 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Rekstraraðili hafði frest til 1. október 2012 til að hanna setþró þannig að auðvelt sé að ná seyru úr henni. Hugmyndavinna er hafin en áætlun hefur ekki verið skilað.

ATHUGASEMDIR

Fódurleyfar sáust við frárennslisop stöðvarinnar en engin óvenjuleg gróðurmyndun eða slý var því samhliða.

ANNAÐ

Verktaki hefur mokað upp úr setþró og úrgangi komið fyrir á bakka þróarinnar.

Búið er að semja við landeigendur í nágrenninu um að nýta seyruna sem áburð en það sem grafið var upp að þessu sinni er mest megnis aska sem ekki er ráðlegt að bera á tún. Það er því áætlað að slétta úr uppgreftinum á bakkanum og sá í sárið. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við þessa framkvæmd að þessu sinni þar sem um sérstakar aðstæður hafi verið að ræða vegna mikillar ösku í settjörninni en bendir jafnframt á að ekki sé leyfi fyrir endurtekinni losun seyru á bakkana. Einnig er bent á að gott sé að dreifa betur úr seyrinni og ýta ofar á bakkann til að nýta áburðaráhrifin sem best og varna því að seyran leki aftur ofan í setþróna.

Í síðasta eftirliti var sett út á ofauðgun í læk úr setþró. Engin ofauðgun sást í læknum að þessu sinni og er ekki ólíklegt að mikil uppsöfnun ösku í læknum hafi haft áhrif á gróðurmyndun og vöxt þörunga á svæðinu.

Í gr. 7 í starfsleyfi fær rekstraraðili frest til 1. október 2012 til að hanna setþró þannig að auðvelt sé að ná seyru úr henni. Verið er að hanna gáma til að setja ofan í setþróna og dælubúnað til losunar. Teikningum og nánari útskýringum verður skilað til stofnunarinnar í síðasta lagi 15. maí 2013.

Skv. gr. 3.2. er rennslis mælt í inntöku vatns í kerin. Niðurstöður rennslismælinga voru afhentar í eftirliti.

Rætt var um ákvæði gr. 4.7 í starfsleyfi þar sem rekstraraðila ber að taka ábyrgðartryggingu sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004 um mengun hafs og stranda.

Reykjavík, 18.04.2013

G. Stella Arnadóttir

- 1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.